




Fyrirhugað er að taka upp virka stýringu umferðar og breyta skipulagi á nokkrum bílastæðum í þjóðgarðinum á Þingvöllum í sumar. Á kortunum sem hér fylgja má sjá það skipulag sem tekur gildi 15. maí 2023 og verður til 15. september í haust.


Starfsfólk þjóðgarðsins verður meira virkt í umferðarstjórnun á álagstímum í sumar og óskar þjóðgarðurinn eftir góðu samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki til að hjálpa til að láta umferð ganga vel í sumar á mesta anna sumri ferðaþjónustu í lengri tíma.


Með góðri kveðju


Einar Á.E.Sæmundsen


Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.





 Bílaleigubílar og einkabílar

 Leigubílar, ferðapjónustujeppar og rútur fyrir 19 farþega eða færri

 Stórar rútur (20 eða fleiri farþegar)

 Biðsvæði fyrir ferðapjónustuaðila

 Stæði fyrir ferðapjónustuaðila, óháð stærð


 Blandað stæði

## P1 – Hak:

Svæði með dökkbláum hring er ætlað fyrir stærri rútur (20 farþegar eða fleiri).

Svæði með fjólubláum hring er ætlað fyrir kálfa (19 farþegar eða færri), ferðapjónustujeppa og leigubíla.

Svæði með rauðum hring er ætlað fyrir einkabíla og bílaleigubíla.



## Biðsvæði:

Komið verður upp merktum biðsvæðum fyrir rútur sem munu vera í gildi yfir háannatímann í Þjóðgarðinum. Ferðaþjónustuaðilum er bent á að reyna að nýta þessi svæði svo draga megi úr líkum á umferðaröngþveiti á P1 og P2.

**Fyrirkomulag:** Bílstjórar og leiðsögumenn þurfa að vera í sambandi við notkunina. Til dæmis hringir leiðsögumaður í bílstjóra þegar hann er tilbúinn með hópi til brottferðar og þá getur rútan komið. Þetta er sett fram til að reyna að minnka biðálag við P2 og óskar þjóðgarðurinn eftir að ferðaþjónustufyrirtæki reyni eftir fremsta megni að nýta þetta úrræði og kynni fyrir sínum bílstjórum og leiðsögumönnum.

Kortin hér að neðan sýna hvar fyrirhuguð biðsvæði verða:



Bílastæði fyrir ofan Tæpastíg



Útskot við Syðri-Leirar



Útskot við Vallakrók